

JAFNRÉTTISÁÆTLUN FRAMHALDSSKÓLANS Á LAUGUM 2020-2022

Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans á Laugum er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans. Framhaldsskólinn á Laugum telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði einnig virkur þáttur í starfsemi skólans.

Aðaláherslan í þessari jafnréttisáætlun er á jafnrétti karla og kvenna þó það sé einnig stefna skólans að unnið sé gegn hvers konar mismunun, svo sem á grundvelli aldurs, fötlunar, litarháttar, menningar eða stöðu að öðru leyti. Markmiðið er að skapa fordómalaust skólaumhverfi.

Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans á Laugum byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Áætlunin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar um skólann sem vinnustað sbr. 18. gr. jafnréttislaga og sá síðari um skólann sem menntastofnun sbr. 23. gr. laganna.

Skólinn sem vinnustaður

Í 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla segir að stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun. Í áætluninni skal koma fram hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. laganna.

Launajafnrétti

Launaákvörðanir byggjast á kjarasamningum og í því samhengi skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 19.gr. laga nr. 10/2008.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Skólinn mun fara í gegnum jafnlaunavottun á árinu 2020. Þar verða laun innan stofnunarinnar m.a. greind eftir kyni og rannsakað hvort málefnalegar ástæður liggja að baki launamun komi slíkur munur í ljós. Leiðréttá ótúskýrðan launamun kynjanna.	Þeir aðilar sem sjá um jafnlaunavottun og skólameistari Skólameistari.	Hvert ár Alltaf þegar að launamunur kemur í ljós.

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans skal vera sem jafnast. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgang í störfum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	Í starfsauglýsingum skulu störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga. Halda skal saman yfirliti um auglýst störf, umsækjendur og ráðningar og þær upplýsingar greindar eftir kyni. Litið skal til kynjahlutfalla þegar skipað er í nefndir og ráð innan skólans.	Skólameistari Skólameistari. Skólameistari.	Alltaf þegar stöður eru auglýstar. Alltaf þegar stöður eru auglýstar. Alltaf þegar skipað er í nefndir og ráð.
Jafna kynjahlutfallið í starfsmanna- hópnum.	Sæki að öðru leiti tveir jafnhæfir einstaklingar um starf við skólann skal velja einstakling af því kyni sem hallar á.	Skólameistari.	Alltaf þegar ráðið er í störf.

Símenntun og endurmenntun

Þess skal gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis þegar kemur að möguleikum starfsfólksins til að sækja sér símenntun og endurmenntun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Halda skal saman yfirliti um beiðnir um starfsþjálfun og endurmenntun og þær upplýsingar greindar eftir kyni.	Skólameistari	Í lok hvers skólaárs.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Konum og körlum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem kostur er. Í þessu sambandi skal bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólstarfsins. Vinnutíminn skal vera eins fyrirsjáanlegur og kostur er.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Vinnutíminn sé fyrirsjáanlegur.	Stundaskrá, vaktatöflur og aðrar vinnutöflur liggi fyrir með eins miklum fyrirvara og kostur er.	Áfangastjóri og bryti.	Í upphafi hvers mánaðar.
Yfirvinnu sé stillt í hóf.	Ekki sé þrýst á starfsfólk að taka að sér yfirvinnu. Ef aukavinna skapast má bjóða starfsfólki að bæta henni á sig en því ber engin skylda til að samþykkja hana.	Skólameistari, áfangastjóri og bryti.	Alltaf.
Fundarhöld séu á dagvinnutíma.	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma, nema aðstæður krefjist annars.	Sá sem skipuleggur fundi hverju sinni.	Alltaf.
Réttur til fæðingarorlofs og leyfi vegna veikinda barna séu nýtt jafnt af konum sem körlum.	Kynna fyrir starfsfólki og sérstaklega verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.	Skólameistari.	Starfsmannafundur að hausti.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni á vinnustaðnum

Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og þeir sæti ekki kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Mikilvægt er að einstaklingar upplýsi um það verði þeir fyrir slíku ofbeldi, áreitni eða einelti og geti verið fullvissir um að slíkt er tekið alvarlega. Sá sem verður fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða annars konar ofbeldi getur leitað til samstarfsmanns, trúnaðarmanns, áfangastjóra eða skólameistara sem finna málinu farveg. Brugðist skal skjótt við og atvik metin í samráði við þá er málið varðar og utanaðkomandi ráðgjafa ef með þarf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Fræðsla um einelti og kynbundið ofbeldi, kynbundina og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk. Unnið að forvarar- og viðbragðsáætlun fyrir vinnustaðinn.	Skólameistari og náms- og starfsráðgjafi. Skólameistari og náms- og starfsráðgjafi.	Í upphafi hvers skólaárs. Fyrir lok árs 2021

Skólinn sem menntastofnun

Í 28. grein jafnréttislaga segir að kynjum skuli ekki mismunað í skólum og öðrum uppeldisstofnunum og þess gætt í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Í 23. grein er kveðið á um að kynjasambættingar skuli gætt í skóla- og uppeldisstarfi. Þar segir einnig að nemendur öllum skólastigum skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Menntun og skólastarf

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu beggja kynja. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir nemendur njóti virðingar og sanngirni og verði ekki fyrir mismunun vegna kyns eða annars.	Starfsfólk gæti þess í námi, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur að koma fram við þá af virðingu og sanngirni. Fræðsla í kennarahópnum um staðalmyndir og ólíka stöðu stráka og stelpna í nemendahópnum.	Starfsfólk. Náms- og starfsráðgjafi.	Alltaf. Á starfsdögum í upphafi haustannar.
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.	Þar sem við á verði jafnréttissjónarmið og fléttuð inn í námsefni.	Kennarar.	Alltaf.
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Kennarar skoði val sitt á námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. Vekja skal athygli á skrifum beggja kynja í tengslum við efnið. Athuga skal hvort umfjöllun á efninu ýti undir staðalmyndir.	Kennarar.	Alltaf.
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Að strákar og stelpur fái fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf og sé sérstaklega bent á að kynjaskipting starfa sem og á heimilum byggji á menningarbundnum hefðum.	Náms- og starfsráðgjafi og lífsleiknikennari.	Alltaf.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni í skólanum

Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og þeir sæti ekki kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Mikilvægt er að einstaklingar upplýsi um það verði þeir fyrir slíku ofbeldi, áreitni eða einelti og geti verið fullvissir um að slíkt er tekið alvarlega. Sá sem verður fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða annars konar ofbeldi getur leitað til leiðsagnarkennara, náms- og starfsráðgjafa, áfangastjóra eða skólameistara sem finna málinu farveg. Brugðist skal skjótt við og atvik metin í samráði við þá er málið varðar og utanaðkomandi ráðgjafa ef með þarf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir nemendur. Unnið að forvarnar- og viðbragðsáætlun fyrir skólann vinnustaðinn.	Náms- og starfsráðgjafi og lýðfræðikennari. Skólameistari og náms- og starfsráðgjafi.	Í upphafi hvers skólaárs. Fyrir lok árs 2021.

Félagsstarf nemenda

Félagsstarf nemenda við Framhaldsskólann á Laugum er öflugt. Skólayfirvöld munu aðstoða nemendafélag Framhaldsskólans á Laugum við gæta jafnréttis í ráðum og nefndum á vegum félagsins sem og þegar nemendur koma fram fyrir hönd skólans.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja að jafnréttismál séu á dagskrá nemendafélagsins	Tala um jafnréttismál á fundi með stjórn nemendafélagsins. Brýna fyrir stjórn nemendafélagsins mikilvægi þess að gæta jafnréttis þegar skipað er í nefndir og ráð á vegum félagsins.	Skólameistari og félagsmála-fulltrúi. Skólameistari og félagsmála-fulltrúi.	Í upphafi hvers skólaárs. Í upphafi hvers skólaárs.

Eftirfylgni og endurskoðun

Mikilvægt er að verkefnum áætlunarinnar sé fylgt eftir. Fara skal yfir niðurstöður allra verkefnanna árlega með starfsfólki og nemendum og skoða hvað vel hefur tekist og hvað má betur fara. Telji starfsmaður eða nemandi að reglur um jafnrétti séu brotnar innan skólans eða að farið sé á svig við jafnréttisáætlun skólans, skal hann leita til leiðsagnarkennara, trúnaðarmanns, áfangastjóra eða skólameistara. Jafnréttisáætlun ber að endurskoða á þriggja ára fresti.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Meðvitund sé um jafnréttisáætlun skólans meðal nemenda og starfsfólks.	Áætlunin gerð opinber á vef skólans, kynnt á póstlistum starfsmanna og nemenda og í kynningarefni eftir því sem við á.	Skólameistari, kerfisstjóri og skólaritari.	Í upphafi árs 2020.
Skilar jafnréttisáætlunin að tilætluðum árangri.	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks með tilliti til jafnréttisáætlunarinnar.	Sjálfsmatsnefnd.	Á hverri vorönn.
Njóta nemendur sín í skólanum óháð kyni.	Viðhorfskönnun meðal nemenda með tilliti til jafnréttisáætlunarinnar.	Sjálfsmatsnefnd.	Á hverri vorönn.
Áætlunin verði endurskoðuð innan þriggja ára.	Jafnréttisáætlun skólans metin, þ.e. hvaða hefur gengið vel og hvað má betur fara.	Skólameistari og sjálfsmatsnefnd.	Vor 2022.

Að lokum þarf starfsfólk skólans að vera meðvitað í samskiptum við foreldra og gæta þess að útiloka ekki annað foreldrið á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á mæður og feður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

Jafnréttisáætlun þessi verður lögð fram á kennarafundi þann 30. janúar 2020 til kynningar og sett á heimasíðu skólans. Hún verður, eins og að ofan greinir, endurskoðuð innan þriggja ára.